

# Kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins vegna þjóðlendumála á svæði 10B: Ísafjarðarsýslur

## Mál nr. 6/2021

Fjalllendi við Langadalsströnd

### EFNISYFIRLIT

Hafnardalur .....	3
Nauteyri .....	9
Rauðamýri .....	15
Tunga á Langadalsströnd .....	21
Orkubú Vestfjarða, vatns- og landréttindi .....	27

Fylgiskjöl með kröfulýsingum fást hjá skrifstofu óbyggðanefndar.

*Kort með kröfulínum málsaðila:*

[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B\\_mal-2021-6\\_kort\\_krofulinur.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B_mal-2021-6_kort_krofulinur.pdf)

*Kröfulýsing íslenska ríkisins:*

[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B\\_riki-krofulysing.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B_riki-krofulysing.pdf)

Sjá einnig vefsíðu óbyggðanefndar þar sem kröfulýsingu ríkisins

og kröfulýsingar gagnaðila í öllum málum á svæðinu er að finna:

[https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)



# LÖGFRÆÐIMIÐSTÓÐIN

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Hafnarfirði 22. mars 2021

**Kröfulýsing eigenda Hafnards, Strandabyggð, landnúmer 141615 til óbyggðanefndar.**

Með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu frá 9. október 2020 er lýst eignarrétti þinglýstra eigenda að öllu landi ofangreindrar jarðar.

Þinglýstir eigendur jarðarinnar, Hafnardalur, Strandabyggð, landnúmer 141615 eru:

Þórdís Bjarnadóttir, kt. 031059-2839.  
Vera Dagsdóttir, kt. 160589-2059.  
Vaka Dagsdóttir, kt. 120794-2729.  
Vala Dagsdóttir, kt. 041000-2790.

**Fyrirsvar:** Þórdís Bjarnadóttir lögmaður fer með mál þetta fyrir hönd landeigenda.

#### **Kröfugerð:**

Af hálfu eigenda Hafnards er þess krafist að framkominni þjóölendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í land Hafnards (innan landsvæðis sem nefnt er í kröfulýsingu ríkisins sem; Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga) verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóölendu sé að finna innan merkja svæðisins enda teljist svæðið allt innan þinglýstra landamerkjana og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er aðallega krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Hafnards séu í samræmi við fyrilliggjandi landamerkjabréf fyrir jörðina Hafnardal frá 21. maí 1890, no. 124, og fari eftir vatnaskilum í samræmi við venjur þar um. Nánar tiltekið:

Að innanverðu er Hafnardsá landamerki milli Hafnards og Nauteyrar, milli Hafnards og Hallsstaða er lækur úr Stóraskarði til sjávar innantil við Hokinseyri, úr skarðinu í Landamerkjavörðu, úr Landamerkjavörðu í Langyrjuvatn við Blævadalsá, ræður svo Blævadalsá landamerkjum milli Hamars og Hafnards upp í Máfavatn og úr síðustu lækjum er renna í Máfavatn beina sjónhending í Grástein, sbr. kröfulínur á

meðfylgjandi uppdrætti Landforms af landamerkjum jarðarinnar, sem færðar hafa verið inn á sameiginlegt kröfulíukort.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur eigenda jarðarinnar að landi innan áðurlýstra merkja sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málkostnaðarrekningi að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

#### **Málavextir:**

Með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birtist þann 9. október 2020 var skorað á þá sem telja til eignarréttinda á landsvæði sem auðkennt er sem svæði 10B, Ísafjarðarsýslur, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd og leggja fram heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á fyrir 1. febrúar 2021. Óbyggðanefnd framlengdi þann frest nokkrum sinnum og síðast til 22. mars 2021.

Þann 28. mars 2007 var jörðinni Hafnardal afsalað til Dags Jónssonar, kt. 111061-5729, Þórdísar Bjarnadóttur, kt. 031059-2839, Kristínar Guðmundsdóttur, kt. 190142-3619 og Bjarna Þórðarsonar, kt 050836-4799, sbr. meðfylgjandi afsal.

Þann 30. ágúst 2011 keyptu Þórdís og Dagur hlut Kristínar og Bjarna í jörðinni, sbr. meðfylgjandi afsal.

Dagur lést 9. febrúar 2017 og við skipti á dánarbúi hans fengu dætur hans og Þórdísar hlut í jörðinni, sbr. skiptayfirlýsing dags. 14. desember 2017.

#### **Lýsing svæðisins:**

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnardal í Nauteyrarhreppi no. 124 frá 21. maí 1890 segir:

„Að innanverðu er Hafnardsá Landamerki milli Hafnards og Nauteyrar, milli Hafnards og Hallsstaða er læku úr Stóraskarði til sjávar innantil við Hokinseyri, úr skarðinu í Landamerkjavörðu, úr Landamerkjavörðu í Langryjuvatn við Blævadalsá, ræður svo Blævadalsá landamerkjum milli Hamars og Hafnards upp í Máfavatn og úr síðustu lækjum, er renna í Máfavatn beina sjónhending í Grástein“

#### **Málsástæður:**

Krafa landeigenda Hafnards byggir á landamerkjabréfi sem rakið var hér að framan og jafnframt öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafa fyrir þessari eign sinni sem og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Þinglýst gögn um landamerki Hafnards hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. íslenska ríkinu og hafa aldrei áður verið vífengd.

Verði eignarréttur landeigenda Hafnards ekki viðurkenndur á grundvelli þinglýstra heimilda, þá er þess krafist að þeir hafi öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landsvæði fyrir hefð.

Núverandi eignarhald byggir á afsali frá árinu 2007, fyrri eigendur fengu afsal fyrir jörðinni árið 2000 og leyfi til að byggja jörðina árið 1988. Hafi landeigendur og fyrri eigendur en að framan greinir verið í góðri trú enda haft umráð landsins í árhundruð. Vegna þessa sé fullnægt öllum skilyrðum hefðar um eignarhaldstíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda, að hefð hafi unnið, sbr. 2. gr. laga nr. 46, 1905, að því er varðar hið umþrætta landsvæði og með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingu þeirra verði og að telja að sú hefð hafi verið til eignar á landinu, en ekki aðeins náð til takmarkaðra afnota eða ítaksréttinda.

Fullur hefðartími er auk þess liðinn frá því að ofangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Skv. framangreindu hafa þinglýstir eigendur jarðarinnar allan eignarétt jarðarinnar.

Landeigendur byggja á því að lög nr. 58, 1998 verði ekki skýrð á þá leið að þeir þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði sé eignarland þeirra og þar með utan þjóölendu.

Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að það eigi nokkurn rétt til umrædds landsvæðis og byggja landeigendur á því að til þess að íslenska ríkið geti öðlast þann rétt, sem skilgreindur sé í þjóölendulögum, verði það að sýna fram á að heimildir um landamerki séu rangar og sömuleiðis þinglesnar landamerkjaskrár, en það hafi ekki verið gert á nokkurn hátt.

Íslenska ríkið hefur ekki haft uppi kröfu á hendur landeigendum Hafnards í aldanna rás. Að mati landeigenda ber því að líta á slíka kröfu sem fyrnda eða niður fallna vegna tómlætis.

Eigendur Hafnards telja sig hafa óskoraðan eignarrétt fyrir eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar Hafnards sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi frá eiganda jarðarinnar.

Skattar og önnur lögboðin gjöld hafa alltaf verið greidd af öllu landinu af landeigendum.

Landeigendur benda á að íslenska ríkið skuli gæta meðalhófs og velja vægasta úrræði sem völ er á við úrlausn máls, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Landeigendur telja eignarrétt sinn að jörðinni Hafnardal leiddan af samanburðarskýringu á því landamerkjabréfi sem landeigandi hefur fyrir eign sinni sem og landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, ómunahefð, venjurétti og svo þeim réttmætu væntingum sem eigendur hafa haft í gegnum aldirnar til eignarréttar síns af umræddu landsvæði, sbr. túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Þessar væntingar styðjast meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfn og athafnaleysi. Ríkið hefur aldrei fyrr vefsengt eignarrétt landeiganda af umræddu landsvæði.

### **Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins:**

Kröfugerð íslenska ríkisins, dags. 15. september 2020, þar sem kröfulína ríkisins liggur inn á eignarland Hafnards er mótmælt í heild sinni.

Þess er krafist að íslenska ríkið geri skýra grein fyrir hornpunktum í kröfulínu með vísan til örnefna á korti eða punktarnir staðsettir með GPS mælingu, sbr. HRD 650/2006.

Íslenska ríkið byggir kröfu sína á landamerkjabréfi Hraundals, en ekki Hafnards þar sem ríkið telur staðsetningu Grásteins ekki þekkta. Landeigendur andmæla því að túlka eigi landamerkjabréf jarðarinnar Hraundals um landamerki Hafnards.

Eigendur Hafnards krefjast þess að áður en óbyggðanefnd tekur afstöðu til þess hvort staðsetning Grásteins sé þekkt eða ekki, þá gefist landeigendum kostur á að fara á staðinn með aðila, sem þekkir til staðhátt og staðsetja Grástein með GPS mælingu.

Hvað varðar kröfu íslenska ríkisins varðandi punkt 3 (skv. kröfulínu á korti) þá er þeim punkti jafnframt mótmælt en skýrt er tekið fram í landamerkjabréfjum bæði fyrir Hafnadal og Nauteyri að Hafnardsá skilji að land Hafnards og Nauteyrar. Upptök Hafnardsár eru mun austar en punktur 3 gerir ráð fyrir eða við mörk Strandabyggðar og Árneshrepps.

Því til stuðnings benda landeigendur á að rannsóknarleyfi var gefið út af Orkustofnun fyrir hugsanlegum virkjunarkostum í Hafnardsá til Dags Jónssonar, eiganda Hafnards þann 12. ágúst 2015. Í upprætti með meðfylgjandi leyfi er vatnasvið Hafnardsár afmarkað innan eignarlands Hafnards og m.a. innan þjóðlendukröfulýsingar íslenska ríkisins. Telja eigendur Hafnards þá leyfisveitingu og þann upprátt styðja við málsástæður eigenda Hafnards um hversu langt vatnasvið Hafnardsár nær og vera dæmi um athafnir ríkisins sem m.a. grundvalla réttmætar væntingar eigenda Hafnards um legu lands þeirra.

### **Lagarök:**

Vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39, 1978 um rétt þinglýsts eiganda, 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1998, sem og 1. gr. 1 viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, er lögfestur hafi verið með samnefndum lögum nr. 62, 1994. Að auki vísast til óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, sem og til laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58, 1998, einkum 1. 5. 11 og 17 greinar þ.l., að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og 1. gr. laga um landamerki nr. 41, 1919, sbr. eldri lög um sama efni. Jafnframt er vísað til laga um hefð, nr. 49/1905 einkum til 2. og 6. gr. þ.l., meginreglna eignarréttar og meginreglna 10. -12.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **Meðfylgjandi:**

1. Endurrit úr Landamerkjabók fyrir Ísafjarðarsýslu no 124, dags. 21. maí 1890.
2. Byggingarbréf, dags. 15. janúar 1988.
3. Afsal vegna Hafnards, dags. 4. janúar 2000.
4. Afsal vegna Hafnards, dags. 28. mars 2007.
5. Afsal vegna Hafnards, dags. 30. ágúst 2011.

6. Rannsóknarleyfi Orkustofnunar v/ hugsanlegs virkjunarkosts Hafnardalsár, dags. 12. ágúst 2015, ásamt korti.
7. Skiptayfirlýsing, dags 14. desember 2017.
9. Uppdráttur af merkjum Hafnardals (innfærðar kröfulínur).
10. Umboð, dags. 22. mars 2021.

**Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér allan rétt til að koma að frekari málsástæðum og gögnum fyrir óbyggðanefnd í greinargerð á síðari stigum málsmeðferðarinnar sem og að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd landeigenda Hafnardals,



Þórdís Bjarnadóttir hrl.



**Kröfulýsing  
til  
óbyggðanefndar**

**af hálfu eiganda jarðarinnar, Nauteyrar, Strandabyggð, landnr. 141632.**

Með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu frá 9. október 2020 er lýst fyrir óbyggðanefnd kröfum um eignarrétt þinglýsts eiganda neðangreindrar jarðar.

**Jörð:** Nauteyri, Strandabyggð, landnúmer 141632.

**Eigandi:** Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf., kt. 630169-2249, Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal.

**Fyrirsvar:** Björn Jóhannesson, lögmaður, fer með mál þetta f.h. landeiganda.

**Kröfugerð:**

Af hálfu eiganda Nauteyrar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Nauteyrar (innan landsvæðis sem nefnt er í kröfulýsingu ríkisins sem; Hafnadalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga) verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins (jarðarinnar), enda teljist allt landsvæðið vera innan þinglýstra landamerkjana jarðarinnar og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er aðallega krafist að viðurkenndur verði að heildalandamerki jarðarinnar Nauteyrar séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabréf jarðarinnar frá 6. júní 1889, þ.e. að Hafnardsá ráði merkjum gagnvart Hafnadal og Þverá ráði merkjum gagnvart Rauðamýri og vatnaskil á Ófeigsfjarðarheiði ráði merkjum Nauteyrar gagnvart jörðunum Ófeigsfirði og Stað, sbr. kröfulínur á meðfylgjandi uppdrætti Landforms af landamerkjum jarðarinnar, sem færðar hafa verið inn á sameiginlegt kröfulínukort.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað sem þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

### Málavextir:

Með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birtist þann 9. október 2020 var skorað á þá sem telja til eignarréttinda á landsvæði sem auðkennt er sem svæði 10B, Ísafjarðarsýslur, til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, gera grein fyrir landamerkjum jarða sinna og leggja fram heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, fyrir 1. febrúar 2021. Óbyggðanefnd framlengdi þann frest nokkrum sinnum og síðast var gefinn lokafrestur til 22. mars 2021 til að lýsa kröfum sínum.

Núverandi eigandi jarðarinnar Nauteyrar, Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., festi kaup á jörðinni af sveitarféluginu, Strandabyggð, þann 28. nóvember 2014, sbr. framlagt skjal nr. 4, og var í kaupsamningi um jörðina vísað til þess að um landamerki hennar færí samkvæmt ákvæðum landamerkjabréfs jarðarinnar frá 6. júní 1889. Í söluvirliti fasteignasölunnar vegna sölunnar sem var hluti kaupsamningsins kom m.a. fram af hálfu sveitarfélagsins að mörk jarðarinnar væru við vatnaskil á Ófeigsfjarðarheiði.

### Lýsing svæðisins:

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Nauteyrar frá 6. júní 1889 er landamerkjum jarðarinnar lýst með eftirfarandi hætti:

*“Landamerki fyrir Nauteyri að sunnanverðu ræður Þverá á milli Rauðumýrar frá sjó og til fjalls, en að utan á milli Hafnardsals ræður Hafnardsá frá fjalli til fjöru.“*

Í fyrrgreindu landamerkjabréfi kemur fram að Hafnardsás, ráði merkjum milli jarðanna Nauteyrar og Hafnards og að Þverá ráði merkjum milli Nauteyrar og Rauðumýrar. Tekið er fram að fyrrgreindrar ár ráði merkjum frá fjalli til fjöru. Ekki er hins vegar sérstaklega tekið fram hvar upptök ánna séu, né hvað taki við varðandi landamerki þegar upptökum þeirra sleppir.

Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má ráða að ríkið telur að upptök Hafnardsár séu mun neðar en áður hefur verið talið. Telur íslenska ríkið að upptök Hafnardsár séu í u.þ.b. 437 metra hæð en hingað til hefur verið talið að upptök árinnar séu mun austar og ofan í landinu eða við sveitarfélagamörk hins forna Nauteyrarhrepps (nú Strandabyggðar) og Árneshrepps í um það bil 500 metra hæð norðvestan við svonefndan Rjúkanda og er við það miðað í kröfulýsingu eiganda Nauteyrar. Þá telur eigandi Nauteyrar að landamerki jarðarinnar fylgi sveitarfélagamörkunum til suðurs gagnvart jörðunum Ófeigsfirði og Stað, og er þannig miðað við vatnaskil í samræmi við aldagamlu venju þar um, að landamerkjum Rauðumýrar í u.þ.b. 538 metra hæð. Kröfulína íslenska ríkisins virðist hins vegar miðast við að upptök Þverár séu í Skúfnavötnum og land ofan Skúfnavatna (og Hafnardsár) og að fyrrgreindum sveitarfélagamörkum tilheyri ekki eignarlandi Nauteyrar.

Samkvæmt framansögðu er ágreiningur um upptök Hafnardsár og það landsvæði sem mögulega er ofan við upptök Hafnardsár og Þverár og að áðurnefndum sveitarfélagamörkum á Ófeigsfjarðarheiði, en sveitarfélagamörkin eru þar á vatnaskilum.

### Málsástæður og lagarök:

Krafa eiganda Nauteyrar byggir á þinglýstu landamerkjabréfi sem rakið var hér að framan og jafnframt á öðrum skráðum gögnum og eignarheimildum sem til staðar eru fyrir jörðina. Þá er vísað til þinglýstra landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og annarra gagna varðandi landamerki þeirra. Einnig er vísað til venju um að vatnaskil ráði merkjum jarða. Um árhundrað skeið hefur verið talið að land Nauteyrar nái að landi jarðanna Ófeigsfjarðar í Árneshreppi og Staðar í Strandabyggð og hafi þannig náð að sveitarfélagamörkum fyrum Nauteyrarhrepps og Árneshrepps/Hróflbergshrepps. Hefur alla tíð verið gengið út frá því að landamerki þessara jarða séu á vatnaskilum, þ.e. þar sem vötnum halli, og má í því sambandi m.a. nefna að í örnefnaskrá fyrir Nauteyri, segir svo um landamerki jarðarinnar: „*Landamerki jarðarinnar eru að utanverðu Hafnardsá en Þverá að framanverðu, og á fjalli uppi eins og vötn falla.*“ Nýting Nauteyrarjarðarinnar hefur einnig tekið mið af því að landamerki jarðarinnar séu með þessum hætti.

Því til viðbótar er einnig vísað til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð og á því byggt að fullur hefðartími sé liðinn með umráðum landsins um árhundraða skeið. Hefur núverandi landeigandi og fyrri eigendur jarðarinnar verið í góðri trú um að landamerki jarðarinnar hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingu þessari og þannig sé fullnægt öllum skilyrðum hefðar um eignarhaldstíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda, að hefð hafi unnist sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905 að því er varðar hið umþrætta landsvæði. Öll afnot og nytjar landsins hafa verið og eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingu þeirra verði og að telja að sú hefð hafi verið til eignar á landinu, en ekki aðeins náð til takmarkaðra afnota eða ítaksréttinda.

Umbjóðandi minn telur að hann hafi óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum. Eigandi hefur farið með öll hefðbundin eignarréttindi lands jarðarinnar Nauteyrar sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hefur öll nýting verið háð leyfi frá eiganda jarðarinnar.

Umbjóðandi minn vísa jafnframt til þess að eignarheimildir eigenda jarðarinnar í þessu sambandi hafa frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna, og því byggir eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna gerir kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi, sem hér um ræðir, þ.e. lögskiptum manna og lögaðila varðandi ráðstöfun á umræddu svæði. Gildi þessara gagna á sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi er einnig ítrekað að gengið er út frá venjurétti, sem eignarheimild í athugasemdum með því frumvarpi er varð að þjóðlendulögum nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja jarðarinnar Nauteyrar, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei

haldið öðru fram. Verði talið að ríkisvaldið hafi nokkru sinni getað haft uppi vefsengingarkröfum á hendur eigendum jarðarinnar, þá er ljóst að sú krafa er niður fallin vegna fyrmingar og tömlætis.

Vísast einnig um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hefur verið jörð skv. elstu heimildum og landamerkjalysing fer ekki bág við eldri heimildir sé beinum eignarrétti háð. Sá er haldið öðru fram hafi sönnunarþyrði fyrir því.

Íslenska ríkið hefur ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum, að land innan fyrrgreindra landamerkjana Nauteyrar sé ekki beinum eignarrétti háð. Landamerkjabréf Nauteyrar er þinglesið, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar og aðliggjandi jarða og sveitarfélaga. Ekkert kemur fram í kröfugerð ríkisins sem bendir til annars en að allt land innan tilgreindra landamerkjana Nauteyrar samkvæmt landamerkjabréfum hafi og verið nýtt sem fullkomíð eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verður og að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafa um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin.

Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn máttu hafa um eignarhald sitt, þegar litið var til athafna eða athafnaleyseis ríkisvalds gagnvart réttindunum landeigenda.

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verður ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigenda Nauteyrar en til annarra landeigenda. Eigendur Nauteyrar hafa í ljósi eignarheimilda sinna, viðtekinna venja og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þessi eignarréttur verður ekki af þeim tekinn bótaust enda hann varinn í stjórnarskrá Íslands og af mannréttindaákvæðum sem hafa lagagildi hér á landi.

Um kröfugerð ríkisins gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hefur verið í 12. gr. laganna, ber ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls.

Varðandi lagarök er m.a. vísað til ákvæða þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum til 25. – 26. gr. laganna um rétt þinglyssts eiganda svo og til 65. og 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagarla nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994. Þá er einnig vísað til ákvæða þjóðlendulaga nr. 58/1998, einkum til 1., 5., 11., 15. og 17. gr. laganna, laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna svo og til ákvæða landamerkjalaða nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni. Auk þess er vísað til laga um hefð nr. 46/1905, einkum til 2. og 6. gr. laganna svo og til þeirra meginreglna sem fram koma í 10. - 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglna eignarréttar um beinan eignarrétt og skilgreiningu á eignarlöndum

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr 17. gr. þjóðlendulaga.

**Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins:**

Kröfulýsing íslenska ríkisins frá 15. september 2020 þar sem kröfum ríkisins er m.a. lýst á því landsvæði sem nefnt er; *Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga*, er mótmælt þar sem ekki verði annað séð en að kröfulína ríkisins liggi inn í eignarland jarðarinnar Nauteyrar.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga skal ríkið ekki aðeins leggja fram kröfur sínar um eignarrétt að landi heldur ber því að leggja fram þær heimildir og gögn sem íslenska ríkið byggir rétt sinn á og rökstyðja kröfu sína ítarlega.

Telja verður að þær heimildir og gögn sem íslenska ríkið byggir rétt sinn á varðandi fyrrgreinda kröfulýsingu séu mjög rýrar og ekki verði byggt á þeim sem eignarheimild og því beri að líta beri til þeirra heimilda og sjónarmiða sem renna stoðum undir hvert sé eignarland Nauteyrar. Því til viðbótar virðist sem litið sé framhjá reglum um hefð og venjurétti.

Landeigandi leggur áherslu á þegar metið er hvort um beinan eignarrétt sé að ræða á svæðinu eða ekki, sé eðlilegt að horft sé til eftirtalinni atvika sem styðja sjónarmið núverandi eiganda og forvera hans varðandi eignartilkall á umræddu landsvæði;

1.

Landamerkjabréfi jarðarinnar og aðliggjandi jarða hefur verið þinglýst athugasemdaust og hafa landamerki verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið. Hafa landamerki þessi aldrei áður verið vífengd af ríkisvaldinu.

2.

Um áraraðir hafa öll landgæði verið nýtt af eigendum, jafnt til beitar og annarrar auðlindanýtingar. Enginn hefur getað nýtt jörðina án samþykkis eiganda hennar.

3.

Skattar og önnur lögboðin gjöld hafa alltaf verið greidd af öllu landinu.

4.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að öll nýting á umræddu landsvæði hefur verið háð leyfi eiganda. Eignarréttur verður leiddur af samanburðarskýringu á því landamerkjabréfi sem landeigandi hefur fyrir eign sinni sem og landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, ómunahefð, venjurétti og svo þeim réttmætu væntingum sem eigendur hafa haft í gegnum aldirnar til eignarréttar síns af umræddu landsvæði, sbr. túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Þessar væntingar styðjast meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfn og athafnaleysi. Ríkið hefur aldrei fyrr vífengt eignarrétt landeiganda af umræddu landsvæði.

**Sönnunargögn:**

Með kröfulýsingu þessari fylgja eftirtalin gögn:

1. Kröfulýsing þessi.
2. Veðbandayfirlit vegna Nauteyrar, dags. 19. mars 2021.
3. Afsal vegna Nauteyrar, dags. 17. júlí 2015.
4. Kaupsamningur vegna Nauteyrar, dags. 28. nóvember 2014.
5. Landamerkjaskrá fyrir Nauteyri, dags. 6. júní 1889.
6. Örnefnaskrá fyrir Nauteyri, skráð 1937-1938.
7. Uppdráttur af merkjum Nauteyrar (innfærðar kröfulínur).
8. Yfirlýsing um landamerki milli Ófeigsfjarðar og Staðar, Strandabyggð, ásamt kortum.
9. Umboð, dags. 20. mars 2021.

**Áskilnaður og fyrirvari:**


Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa.

Kröfulýsingin er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna nýrra upplýsinga svo og um framlagningu frekari gagna og rökstuðnings í greinargerð.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

f.h. landeiganda Nauteyrar

Reykjavík, 20. mars 2021



Björn Jóhannesson  
Björn Jóhannesson, lögmaður

**Kröfulýsing**  
**til**  
**Óbyggðanefndar**  
**vegna eigenda Rauðamýri.**

Með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu frá 9. október 2020 er lýst beinum eignarrétti á neðangreindri jörð.

**Jörð:** **Rauðamýri L141637**

<b>Eigendur:</b>	<b>Auður Helga Ólafsdóttir, kt. 191263-4649,</b>	<b>28,5715 %,</b>
	<b>Pórir Hvanndal Ólafsson, kt. 210657-2159,</b>	<b>14,2857 %</b>
	<b>Trausti Hvannberg Ólafsson, kt. 270959-2109,</b>	<b>14,2857 %</b>
	<b>Atli Árdal Ólafsson, kt. 200562-2089,</b>	<b>14,2857 %</b>
	<b>Ágúst Heimir Ólafsson, kt. 280167-4799,</b>	<b>14,2857 %</b>
	<b>Guðbjörn Ingólfur Ólafsson, kt. 290456-4019,</b>	<b>14,2857 %</b>

**Málflutningsumboð:**

Undirritaður, Eiríkur Gunnsteinsson hrl. fer með mál þetta f.h. landeigendanna Auðar Helgu Ólafsdóttur, Póris Hvanndals Ólafssonar og Trausta Hvannberg Ólafssonar.

**Kröfugerð:**

Þess er krafist að kröfum íslenska ríkisins um að landsvæði, sbr. kröfulínur á korti 4 á svæði 10B, sem nefnt er Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga sé þjóðlenda verði hafnað og að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar sem afmarkast af Hvannadalsá að sunnarverðu frá mörkum svæða 10A og 10B niður í Langadalsá til sjávar en að norðanverðu frá ósi Nauteyrar eftir þverá að mörkum svæða 10A og 10B en að mörk svæða 10A og 10B ráði að austanverðu og að þessi beini eignarréttur verði verndaður af 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994 (MSE), og að

viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi sbr. landamerkjabréf dags. 6. júní 1889 og fasteignamat 1916-1918, dags. 28. nóvember 1917:

Landamerkjabréf: „*Að sunnanverðu ræður Hvannadalsá niður í Langadalsá til sjáfar, en að utan og norðan Þverá frá sjó og til fjalls.*“

Fasteignamat: „*Landamerki: Að sunnan Hvannadalsá niður i Laugadalsá, er ræður merkjum að vestan, en að norðan Þverá niður í Nauteyrar-Ós.*“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi umbj. mínum að skaðlausu.

### **Málavextir:**

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslum, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðanna, með vísan til laga nr. 58/1998, með síðari breytingum. Kröfulýsing íslenska ríkisins er með þessum hætti:

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga, sem nánar er fjallað um í kafla 4.4.1, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu: Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Árneshrepps í um 523m hæð sunnan Rauðanúpsvatns (1). Þaðan í línu eftir því sem vötnum hallar að Hraundal í efsta læk sem rennur í Mávavötn (2). Þaðan í beina línu í Hafnardsá í u.þ.b. 437m hæð, sem ræður merkjum Hafnards og Nauteyrar (3). Þaðan í beinni línu í upptök Þverár í Skúfnavötnum, sem ræður merkjum Nauteyrar og Rauðumýrar (4). Þaðan í beinni línu í Hvannadalsá fremst í Hvannadal sem ræður merkjum 183 Rauðumýrar og Tungu (5). Þaðan í beinni línu í upptök Bæjardalsá, sem ræður merkjum Tungu (6). Þaðan í beinni línu að mörkum kröfusvæða 10 A og 10 B og eftir mörkum kröfusvæðanna til norðurs í upphafspunkt. Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, en það eru Hraundalur, Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri, Tunga, Staður og Ófeigsfjörður. Landamerkjalýsingum Hraundals og Hafnards virðist ekki bera saman og því er kröfusvæðið afmarkað af lýsingu Hraundals sem tekur mið að landamerki Hraundals ráðist af því sem

vötnum hallar. Staðsetning Grásteins, sem lýst er í landamerkjabréfi Hafnards og afmarkar efstu merki jarðarinnar, er ekki þekkt. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu hinna aðliggjandi jarða og er miðað við að land innan kröfusvæðis er að mestu í yfir 450m hæð, gróðursnautt og hafi ekki verið nytjað.

#### **Málsástæður:**

Landeigendur byggja á því að landamerki jarðarinnar séu skýr og enginn fótur sé fyrir þeirri nálgun sem er grundvöllur að kröfu íslenska ríkisins. Krafa umþjóðenda minna byggir á þinglýstum landamerkjabréfum sem rakið var hér að framan og jafnframt öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafa fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, sem fara ekki í bága við landamerkjalýsingar Rauðamýrar.

Fullur hefðartími er einnig liðinn frá því að ofangreint landamerkjabréf var samþykkt. Öll afnot og nytjar landsins eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess eða með leyfi frá þeim. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umþjóðendur mírir óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi.

Ekkert kemur fram í kröfugerð ríkisins sem bendir til annars en að allt land innan landamerka Rauðamýrar samkvæmt landamerkjabréfi hafi og verið nýtt sem fullkomíð eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verður og að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafa um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst.

Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn máttu hafa um eignarhald sitt, þegar litið var til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum landeigenda. Vísad er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verður ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum Rauðamýrar en til annara landeigenda.

Vísast einnig um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hefur verið jörð skv. landamerkjalýsingu sé beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Því beri að hafna kröfu íslenska ríkisins þar sem kröfulýsingin axli ekki þá byrði.

Enginn vafi er á því að landamerki Rauðamýrar gagnvart landi Tungu afmarkast af Hvannadalsá sbr. landamerkjalýsingu. Skv. kröfulínu á korti 4 sést að punktur 5 er staðsettur

rétt sunnan eða suðvestan við Austurmannagil en engin skýring er gefin á því hvers vegna þessi punktur er valinn önnur en sú að landið sé í yfir 450 m hæð, gróðursnautt og hafi ekki verið nytjað. Við þetta er tvennt að athuga.

Annars vegar þá er ítrekað að Hvannadalsá nær mun lengra austur og verður ekki miðað við annað en ánya svo langt sem hún nær. Kemur þetta fram á kröfulínu korti nr. 4 en einnig er það staðfest á herforingjaráðskorti Dana frá 1905-1915 að Hvannadalsá liggur mun lengra austur en punktur 5. Verður því að miða landamerki, og þar með eignarland, Rauðamýrar a.m.k. við árfarveg Hvannadalsár að fornu og nýju alla leið að upptökum hennar. Þó skal tekið fram að krafa landeigenda miðar við að landamerkin nái að mörkum svæða 10A og 10B en það er í samræmi við eignamörk Loftmynda ehf. sem byggja á ýmsum gögnum sem rétt er að hafa til hliðsjónar.

Hins vegar hafna landeigendur því að umrætt land teljist þjóðlenda á þeim grundvelli að landið sé gróðursnautt og hafi ekki verið nytjað. Fyrir það fyrsta hefur landið verið nytjað til beitar um langt skeið auk þess sem þar hefur verið fuglaveiði auk þess sem veiði er í fjölmögum vötnum á svæðinu. Þá mótmæla landeigendur því að svæðið sé gróðursnautt enda mikið af vötnum, lindum og uppsprettum þar sem finna má gróin svæði. Ekki verður heldur horft framhjá því að hugmyndir um Skúfnavatnavirkjun hafa verið á teikniborðinu frá árinu 1948 að minnsta kosti og hefur sú nýting innan þess svæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu til komið upp með reglulegu millibili í meira en 70 ár. Þó vegur einna þyngst hvað þetta varðar að niðurstaða í málum á svæði 10A lyktaði með þeim hætti að einungis hluti Drangajökuls var úrskurðaður þjóðlenda og eru sambærileg landsvæði á svæði 10A því eignarlönd þeirra jarða sem þar um ræðir óháð gróðurfari, nytjum og hæð yfir sjávarmáli. Engin rök standa til þess að öðruvísi verði farið með land Rauðamýrar.

Á sama hátt er byggt á landamerkjum Rauðamýrar við Nauteyri en þar ræður Þverá af fjalli niður til sjávar. Enginn vafi er á því að Skúfnavötn eru á vatnasvæði Þverár en á því hefur verið byggt m.a. í skýrslu sem Verkís vann fyrir Orkustofnun og Vesturverk vegna hugmynda um Skúfnavatnavirkjun. Er með nokkrum ólíkindum að punktur 4 á kröfulínu korti 4 sé staðsettur rétt sunnan við Fjalldal en skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins miðast punktur 4 við upptök Þverár í Skúfnavötnum. Pessari fullyrðingu er mótmælt sem rangri og órókstuddri. Skúfnavötn eru hluti af af vatnasvæði Þverár og verður ekki betur séð en að áin nái mun lengra austur líkt og Hvannadalsá. Er þar einnig byggt á eignamörkum á korti Loftmynda ehf.

Ef fallist verður á þann skilning landeigenda Rauðamýrar að Þverá nái lengra í austur og eignarland jarðarinnar afmarkist af Þverá allt að mörkum kröfusvæða 10A og 10B þá er jafnframt því mótmælt að íslenska ríkið getið byggt kröfu sína á gróðurháttum, nytjum og hæð yfir sjávarmáli. Á það er bent að skv. kröfulínu korti 4 eru Skúfnavötn t.a.m. í um 400 m hæð

yfir sjávarmáli en jafnframt er ítrekað að sambærileg landsvæði á svæði 10A eru ekki þjóðlendur og verður ekki farið með öðrum hætti með landsvæði Rauðamýrar.

Tekið skal fram að miklar deilur hafa verið milli eigenda Rauðamýrar um nokkurt skeið. Var því ekki samstaða þeirra á meðal að reka mál fyrir Óbyggðanefnd. Að sama skapi eru ekki forsendur til þess að reka málið í samvinnu við eigendur þeirra jarða sem falla undir kröfu íslenska ríkisins. Er í þessu sambandi bent á að rekin eru tvö dómsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur milli eigenda Rauðamýrar en Veiðifélag Langadalsár, Hvannadalsár og Þverár á einnig aðild að öðru málinu.

Hins vegar er kröfulýsing þessi lögð fram af hálfu meirihluta eigenda Rauðamýrar og er gert ráð fyrir því að Óbyggðanefnd úrskurði um kostnað í samræmi við þá vinnu sem lögð er í málið.

### **Lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár einkum 72. gr.

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919. Vísað er til laga um hefð.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976.

Vísað er rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Vísað er til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna.

Minnt er á reglu stjórnsýslulaga um álitsumleitan.

Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25. gr.-27. gr.

Vísað er til laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986.

Vísað er Þjóðlendulaga 58/1998 einkum 1.gr., 5.gr., 15 .gr. og 17.gr. Einnig er vísað til 11. gr.

Vísað er til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1.gr. 1.samningsviðauka.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. sbr 17. gr. þjóðlendulaga.

### **Sönnunargögn:**

Meðfylgjandi eru:

1. Kröfugerð þessi.
2. Skúfnavatnavirkjun-tilhögun virkjúnarkosts

3. Herforingjaráðskort Dana:1905-1915
4. Kort Loftmynda ehf.
5. Skúfnavötn-umfjöllun á heimasíðu Vesturverks

**Áskilnaður og fyrirvari:**

Umbjóðendur mínið áskilja sér allan rétt til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa.

Kröfulýsingarnar eru settar fram með fyrirvara um breytingar vegna nýrra upplýsinga svo og um framlagningu frekari gagna og rökstuðnings í greinargerð.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir Óbyggðanefnd.

F.h. landeigenda.

Kópavogi 22. mars 2021

Eiríkur Gunnsteinsson, hrl.

**Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

## **KRÖFULÝSING**

f.h. eftirtalinna eigenda Tungu í Strandabyggð, L141641

**Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvædis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

**Aðild og fyrirsvar:**

Kröfulýsendur eru:

Varpland hf., kt. 690512-0920  
Kristinn Már Arnórsson, kt. 290667-2919

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við þinglýst landamerkjabréf jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

*Frá ósi Hvannadalsár við Langadalsá (punktur 1) og eftir ánni til upptaka á vatnaskilum á móti Stað í Steingrimssfirði (punktur 2) þaðan eftir vatnaskilum að upptökum Bæjardalsár (punktur 3) og eftir ánni og landamerkjum Lágadals, Neðri-Bakka og Arngerðareyrar í Langadalsá (punktur 4) og þaðan að eftir ánni að punkti 1.*

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### **Málavextir og helstu málsástæður:**

Tunga er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Ólafs Jafnakolls, sem nam land frá Langadalsár til Sandeyrarár, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Þjóðlendukröfur eru gerðar í heiðaland jarðarinnar á móti Staðarjörðum í Steingrímsfirði, en samt er skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins (bls. 183) kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli vera hinar sömu eða í það minnsta sambærilegar.

Hluti skýringarinnar kann að vera sú að íslenska ríkið telur að landamerkjabréf Staðar í Steingrímsfirði liggi ekki fyrir (bls. 154). Það er einfaldlega rangt. Landamerkjabréf Staðar og þeirra jarða sem staðnum tilheyrdū liggur fyrir sem landamerkjabréf nr. 65 í Landamerkjabók Strandasýslu. Þar er landamerkjum staðarins og staðarjarða lýst skilmerkilega á móti jörð kröfulýsanda auk annarra jarða í Strandabyggð. Þá er þess að gæta að Strandasýsla hefur þegar verið tekin til meðferðar af Óbyggðanefnd sem mál 10A og íslenska ríkið lýsti engum kröfum í land staðarins og því ætti vart að skipta mál fyrir úrlausn þessa máls hvort landamerkjabréf Staðar liggi fyrir eður ei.

Landeigendur telja með hliðsjón af framanrituðu, að íslenska ríkið hafi viðurkennt í verki landamerki aðliggjandi jarða í Steingrímsfirði. Vandséð er að önnur sjónarmið eigi við í Djúpi handan Steingrímsfjarðarheiðar, en voru ráðandi þegar kröfum var lýst í Hrófbergshreppi hinum forna undir rekstri máls 10A fyrir Óbyggðanefnd.

Þar sem að íslenska ríkið virðist hafa gleymt fyrrgreindum athöfnum sínum hlýtur ólikur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún að skýra mismun í kröfugerð aðila. Landeigandi telur að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjarnarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

*...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig tilka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrunum. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.*

*...Hér skal þess getið að i svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dænum í seðlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti hædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað. ...*

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómkóðu og hefur því sætt sig við.

Svo háttaði í málí nr. 3-4/2004, að skammt var á milli byggða þótt fjallið skildi á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsa merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í

fjallsbrún. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar fylgja landamerki hennar, tveimur vatnsföllum á fjall upp og það sama á við í tilfelli aðliggjandi jarða í Steingrímsfirði handan heiðarinnar.

Í fyrrgreindum úrskurði Óbyggðaneftirar auk annarra úrskurða t.d. í mál nr. 2/2005, bls. 120 voru slikein sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

*Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er visað til er landamerkjum milli jarða oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er visað til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnaþjárdar. ... Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnaþjárdarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllum um þær jarðir í mál nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnaþjárdarhreppi og í Jökulsárhlíð liggi saman í Smjörfjöllum.*

Íslenska ríkið ákvað að una þessum úrskurði.

Landeigandi telur því að aðstæður allar í málum nr. 3-4/2004 og 2/2005 séu ödungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi eru í því málí sem hér er til úrlausnar og á bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum Óbyggðaneftirar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Gagnstætt því sem halddið er fram í kröfuleysi íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðaneftir metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og aðréttu ef eru, og albra aðæfá þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfti. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

### Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveda á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnfüll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsjárgangi á fjöll upp. Kveda skal þar á merki. ...*

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnelegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfdu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdaleusa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalaögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdaleusa landamerka-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómógulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf ofast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhasar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi végfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er

fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

**Helstu lagarök:**

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnrædisreglu stjórnarskráinnar

Visað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnrædisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

**Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Virðingarfyllst,  
f.h. landeigenda  
Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Óbyggðanefnd,  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2021

**K R Ö F U L Ý S I N G**  
**Orkubús Vestfjarða í mali um þjóðlendumörk í**  
**Ísafjarðarsýslu, svæði 10B.**

Orkubú Vestfjarða sendi Óbyggðanefnd sameiginlega kröfugerð fyrir svæði 10B og svæði 10C hinn 4. janúar 2021.

Óbyggðanefnd sendi undirrituðum bréf dags. 12. janúar 2021 og benti á að málsmeðferð nefndarinnar á svæði 10C væri lokið og óskaði eftir því að kröfugerð varðandi það svæði og svæði 10B verði aðskilin.

Með vísan til framangreinds og tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendana og afréttu nr. 58/1998 er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Krafan varðar eignarrétt Orkubús Vestfjarða til virkjunar alls vatnsafls, jarðrita, fallvatns, í tilteknum þjóðlendum í Ísafjarðarsýslu, svæði 10B, auk beinna og óbeinna eignarréttinda félagsins á landréttindum undir línustæði vegna virkjana og veitukerfis félagsins í þjóðlendum á sama svæði.

Kröfulýsing þessi er til viðbótar kröfulýsingu Orkubús Vestfjarða á svæði 10B sem send var óbyggðanefnd með bréfi dags. 1. mars 2021 vegna jarðanna Hjallkárseyrar, Rauðastaða og Borgar.

#### MÁLSAÐILI

Orkubú Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, Stakknesi 1, Ísafirði, á aðild að mali þessu, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 58/1998.

Stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða er Illugi Gunnarsson og orkubússtjóri er Elías Jónatansson.

#### FYRIRSVAR

Lögmaður Orkubús Vestfjarða í þessu mali er Jónas A. Aðalsteinsson, hrl. [jaa@lex.is](mailto:jaa@lex.is), LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sbr. hjálagt umboð dags. 17. febrúar 2021.

## NÁNAR UM ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða var sett á fót með lögum nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða. Samkvæmt 2. gr. laganna skyldi tilgangur félagsins vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þætti. Skyldi félagið eiga og reka vatnsorkuver og dieselraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Jafnframt skyldi það eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Samkvæmt 3. gr. laganna var félagið sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum og skyldi eignarhluti ríkissjóðs vera 40% en eignarhlutir sveitarfélaganna skyldu nema samtals 60% og skiptast innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Í 9. gr. laganna var jafnframt ákveðið að leggja skyldi fyrir aðalfund ár hvert skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður.

Í 5. gr. laganna var kveðið á um stofnframlög eigenda félagsins og var ákveðið að Rafmagnsveitir ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitir sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubú Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi.

**Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna voru eftirtaldar eignir í Ísafjarðarsýslum framseldar Orkubú Vestfjarða til eignar.**

Nr. og dagsetning	Framseljandi	Eignir samkvæmt samningi
1. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Mjólkárvirkjun I og II
2. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Borg í Auðkúluhreppi
3. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Rauðstaðir í Auðkúluhreppi
4. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð á Þingeyri ásamt fasteignum
5. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og tilheyrandi rafkerfi á Suðureyri
6. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og rafkerfi í Bolungarvík
7. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi í Súðavík
8. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi á Flateyri
9. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Sælu- og fjallahús á Vestfjörðum: Rauðkoll Klofningsheiði Hrafnseyrarheiði Tröllatunguheiði
10. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	<u>Eftirtaldar aðveitustöðvar:</u> Króksfjarðarnesi Mikladal Norður-Botn Tálknafirði

		Bíldudal
		Hrafnseyri
		Þingeyri
		Ísafirði
11. 1982, 09.11	Iönaðarráðherra	<u>Aðveitustöð að Mjólká og Geiradal</u>
12. 1978, 01.12	Ísafjarðarbær	Rafveita Ísafjarðar, Nónhornsvirkjun og Fossavirkjun ásamt öllu tilheyrandi og borholum í Tungudal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
13. 1978, 02.12	Bolungarvík	Borholur í landi Gils og Hanhóls í Syðridal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“
14. 1980, 24.06	Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur	Rafveita Reykjafjarðar- og Ögurhrepps og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða rafveitan á eða kunna að eiga í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
15. 1980, 08.02	Snæfjallahreppur og Nauteyrahreppur	Mýrarársvirkjun og Blævarársvirkjun og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða Rafveita Snæfjalla eiga eða kunna að eiga í löndum

16. 1993,30.04

Suðureyrarhreppur

hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.

Hitaveita Suðureyrar  
og

„öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem Suðureyrarhreppur eða Hitaveita Suðureyrar á eða kann að eiga í löndum sveitarfélagsins, hitaveitunnar eða annars staðar og sveitarfélagið kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“

### Félagið hóf formlega starfsemi sína 1. janúar 1978.

Með lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða var ríkisstjórninni heimilað að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða og leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Það gekk eftir og var félagið stofnað í júní 2001 með efnislega óbreyttum tilgangi.

Samkvæmt stofnsamningi félagsins 1. júní 2001 voru stofnendur þess, ríkissjóður, Ísafjarðarbær, Vesturbýggð, Bolungavíkurkaupstaður, Hólmavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Árneshreppur og Kirkjubólshreppur.

Síðla árs 2001 náðist samkomulag milli ríkisins og allra annarra hluthafa þess, allra sveitarfélaganna, um að ríkið keypti alla hluti þeirra í félaginu. Enda þótt félagið væri þá orðið 100% í eigu ríkisins var tilgangur rekstrar þess sá sami og áður og sveitarstjórnirnar tilnefna menn í stjórn þess áfram. Stjórnarformaður er þó tilnefndur af ráðherra.

Við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 var rekstur Orkubús Vestfjarða aðlagaður að regluverki þeirra laga. Þau lög hafa ekki nein áhrif á álitaefni þessa máls.

### MÁLAVEXTIR

Í dag rekur fyrirtækið eftirtaldar virkjanir: Mjólkárvirkjun I, II og III, Þverárvirkjun, Nónvirkjun, Fossárvirkjun, Tungudalsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Mýrarárvirkjun og Blævardalsárvirkjun. Orkan er síðan flutt frá þessum virkjunum og dreift um alla Vestfirði um veitukerfi félagsins.

Félagið á allt orkuflutningskerfi félagsins og einnig beinan eignarrétt þeirra landréttinda sem það kerfi er byggt á, sbr. 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þau landréttindi hefur félagið ýmist fengið sem stofnframlög eða fengið þau við kaup á þeim landréttindum af þeim jarðeigendum sem áttu þau áður. Félagið á auk þess beinan eignarrétt til þeirra landréttinda sem falla undir helgunarsvæði meðfram orkuflutningskerfinu samkvæmt lögum um það efni, reglugerð nr. 586/2004 og íslenskra staðla um það efni. Féligið á auk þess beinan eignarrétt til helgunarsvæða meðfram aðveitukerfi félagsins, allt samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Félagið á auk þess allan rétt til virkjunar vatnsafls, jarðrita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög og orkuvirkjanir þeirra áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum gögnum.

Orkubú Vestfjarða á allar þær fasteignir og landréttindi sem lýst er í framangreindum afsöлum ríkisins og sveitarfélaganna til félagsins.

Meðfylgjandi eru til glöggvunar á umfangi framgreindrar starfsemi og virkra réttinda félagsins á Vestfjörðum öllum eru meðfylgjandi yfirlitskort og uppdrættir af staðsetningu virkjana og aðveitulagna að þeim á skjali nr. 17.

Staðsetning framangreindra réttinda Orkubús Vestfjarða í þjóðlendum samkvæmt kröfugerð ríkisins á svæði 10B – Ísafjarðarsýslum hefur verið dregin á kortagrunn óbyggðanefndar hjá Landform ehf. og koma þar fram. Nánari grein verður gerð fyrir þeim í eftirfarandi kröfugerð.

## KRÖFUGERÐ

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða ohf. er sett fram á grundvelli ákvæða 9. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 10. gr.

Ef skilja ber kröfugerð ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B þannig að ríkið eigi þau landréttindi innan þeirra þjó�lendra sem eru eign Orkubús Vestfjarða ohf. er þeirri kröfugerð ríkisins andmælt.

Orkubú Vestfjarða gerir kröfu um beinan eignarrétt félagsins á eftirtöldum eignum innan þjóðlendra á hinum auglýstu landsvæðum 10B.

1. Eignarétt lands undir Súðavíkurlínu, Rauðkolli, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8, lands undir Ingjaldssandslínu 1, Klúkuheiði, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8 og lands undir Þingeyrarlínu á Hrafnseyrarheiði, sem einnig er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8. Öll þessi línustæði koma fram á meðfylgjandi uppdráttum óbyggðanefndar, vinnukorti nr. 18.
2. Rétt til virkjunar alls vatnsafls, fallvatns, Mýrarársvirkjunar, Fossvirkjunar, Nónhornsvirkjunar, Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Blævardalsvirkjunar, væntanlegrar Hafnardalsárvirkjunar, Mjólkárvirkjunar, Mjólká VI – vatnasviði Skötufjarðar og væntanlegrar Tröllárvirkjunar – vatnasviði Vattarfirði og Ísafirði, almenningum Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði, vatnasviði milli Hafnardalsár og Þverár, innan þjóðlendra á svæði 10B, samkvæmt skjali 17 og uppdrætti óbyggðanefndar.
3. Eignarétt allra landréttinda undir aðveitukerfi Orkubús Vestfjarða frá vatnakerfi Orkubúsins samkvæmt 2. kröfulið hér að framan að Mýrarársvirkjun, Fossárvirkjun, Nónhornsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Tungudalsvirkjun, Blævardalsvirkjun, væntanlegri Hafnardalsárvirkjun, Mólkárvirkjun, Mjólkárvirkjun VI og væntanlegri Tröllárvirkjun auk réttar til að veita vatni frá þeim virkjunum til sjávar.

## MÁLSKOSTNAÐARKRAFA

Orkubú Vestfjarða krefst þes að Óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

## MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Samkvæmt framangreindum skjölum nr. 1 til 11 framseldi ríkið þargreindar eignir ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins til Orkubús Vestfjarða upphaflega sem stofnframlag til félagsins. Samkvæmt skjölum nr. 12 til 16 afhentu þargreind sveitarfélög á sama hátt þær eignir sem koma fram í þeim afsölum til Orkubús Vestfjarða, einnig sem stofnframlög sveitarfélaganna í félagini. Sumum þessara gagna er þinglýst en ekki öllum.

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða um eignarrétt að umkröfðum landréttindum í þjóðlendum í máli þessu er óumdeildur eftir því sem best er vitað.

Orkubú Vestfjarða hefur auk þess keypt ýmis jarðarhlunnindi frá stofnun félagsins til dagsins í dag, jafnvel fengið hlunnindi gefins.

Áskilinn er réttur til að gera ítarlegri grein fyrir hinum umkröfðu réttindum ef þurfa þykir við framhald meðferðar málssins fyrir nefndinni.

Til stuðnings kröfum sínum vísar OV til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar félagið til almrennra meginreglna íslensks eignaréttar. Enn fremur er vísað til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923 og til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendra og afréttu nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

## DÓMAR UM EIGNARRÉTT ORKUBÚS VESTFJARÐA OHF. AÐ HLUNNINDUM JARDÁ Á SVÆÐUNUM.

Réttur OV til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum samningum hefur komið til úrlausnar fyrir dómi. Úr því álitaefni var skorið með dómi Landsréttar nr. 334/2019 í máli Ísafjarðarbæjar gegn Orkubú Vestfjarða hinn 21. febrúar 2020, þar sem segir orörétt í dómSORði: „Viðurkennt er að allur réttur til virkjunar vatnsafls, fallvatns, í Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ, sé eign stefnda“.

Ákveðið álitaefni varðandi jarðitaréttindi Orkubúsins kom upp í framhaldi af framsali Suðureyrarrepps á Hitaveitu Suðureyrar til Orkubús Vestfjarða hinn 30 apríl 1993. Félagið GKP ehf. stefndi Orkubú Vestfjarða hinn 5. nóvember 2014 til að þola að eignar- og nýtingarrétttur jarðhita í Laugum á Súgandafirði tilheyroi þeirri jörð á grundvelli þess að Suðureyrarreppi hefði verið óheimilt að undanskilja jarðitaréttindin við sölu jarðarinnar á árinu 1944 þar eð samþykkis ráðherra hefði ekki legið fyrir samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 98/1940.

**Orkubú Vestfjarða var sýknað í héraði af þeim kröfum hinn 29. júní 2015 og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 2. júní 2016, HRD 643/2015.**

Fordæmisgildi beggja þessara dóma er ótvíraett.

## FRAMLÖGÐ SKJÖL

Framangreind skjöl nr. 1 til 18.

## ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Orkubú Vestfjarða áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur og gögn á síðari stigum málsins. Þá áskilur félagið sér rétt til að gera nánari grein fyrir framlögðum kröfum og gögnum í greinargerð og á síðari stigum málsiins. Félagið áskilur sér einnig rétt til að breyta kröfugerð sinni undir rekstri málsins.

Orkubú Vestfjarða væntir þess að óbyggðanefnd afli sjálf ítarlegri heimilda og gagna um mál þetta eftir því sem nefndin telur þörf á.

F. h. Orkubús Vestfjarða



Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

**Hjálagt.**

Umboð, dags. 17. febrúar 2021.

Sköl nr. 1 til 18.